



HAFRANNSÓKNASTOFNUN

Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

Six Rivers Iceland
Helga Kristín Tryggvadóttir
Grandagarði 16
101 Reykjavík

Hafnafjörður 7. nóvember 2024

Mál: 2024-11-0360

Efni: Umsögn vegna byggingar veiðihús við Hafralónsá í Þistilfirði

Með tölvupósti dagsettum 06. nóvember 2024 barst Hafrannsóknastofnun beiðni frá Six-Rivers Iceland um umsögn, í samræmi við lög nr. 61/2006 um lax og silungsveiði, vegna byggingar nýs veiðihús á bökkum Hafralónsár í Þistilfirði í landi Tungusels. Samkvæmt deiluskipulagi stendur til að reisa tvær byggingar, veiðihús og starfsmannahús með heildarflatarmál áætlað um 1.260 m² (mynd 1). Í húsunum verður veitinga- og gistaðstaða fyrir allt að 20 gesti ástamt herbergjum fyrir starfsfólk. Einnig kemur fram samkvæmt teikningum að byggingareitir verði í meira en 50 metra fjarlægð frá Hafralónsá í beinni loftlínu og þá er tekið fram að reynt sé að takmarka áhrif á votlendi eins og kostur er. Samkvæmt upplýsingum frá framkvæmdaraðila mun fyrirhuguð jarðvinna hefjast vorið 2025 ef áætlanir ganga eftir.

Hafralónsá

Hafralónsá hefur verið skilgreind sem dragá af heiðavotlendi. Vatnasvið Hafralónsár er 563 km² og Kverkár 157 km². Í Hafralónsá renna nokkrar þverár og eru helstar Kverká sem fyrir er getið, Tunguá, Grímúlsá að vestan, Grímúlsá að austan og Hávarðsdalsá. Lengd Hafralónsár sjálfrar er um 40 km en við það bætist lengd allra hliðarána. Áin er fiskgeng um 27,7 km af þessum 40 km en Kverká aðeins 4,5 km þó hún sé um 38 km löng. Einnig er Grímúlsá að austan fiskgeng langt inn á heiði og sama gildir um Hávarðsdalsá eftir því sem best er vitað. Hinar árnar, Grímúlsá að vestan og Tunguá, eru stutt fiskgengar. Meðallaxveiði í Hafralónsá hefur verið 299 laxar á ári yfir tímabilið 1974-2023 (Guðmunda B. Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson, 2024). Einnig veiðist nokkuð af bleikju og urriða í Hafralónsá. Hagsmunir tengdum lax- og silungsveiði eru því allmiklir. Hafrannsóknastofnun hefur stundað

rannsóknir og seiðamælingar með reglulegum hætti í Hafralónsá undanfarin ár (Hlynur Bárðarson og fleiri, 2024)

Umsögn Hafrannsóknastofnunar

Veiðihúsið sem fyrirhugað er við Hafralónsá stendur uppá gljúfri við veiðistaðinn Gústa, í beinni loftlínu er það um 50 metra frá ánni en þegar hæðarmismunurinn er tekinn með í reikninginn er fjarlægðin um 73 metrar (mynd 2). Ennfremur er líklegt að fjarlægð rotþróar verði meiri en 100 metrar frá ánni (upplýsingar í tölvupósti). Ekki er talið líklegt að staðsetning hússins muni því valda truflun við veiðar. Ekki verður heldur séð að staðsetning byggingarinnar geti haft áhrif á vatnafar, smádyr eða fiskframleiðslu í ánni sjálfri. Affall rotþróar gæti mögulega smitað og runnið niður að ánni, en verði öllum reglum fylgt sem gildir um fráveitur og skólp, sem og leiðbeiningum Hollustuverndar ríkisins um stærð, gerð og frágang rotþróa, ætti ekki að vera um skólpmengun út á vatnasvæðið að ræða. Áhrif á framkvæmdatíma, einkum við jarðvinnu, geta verið mikil til skamms tíma og staðbundin en sé vandað til verka ættu langtíma áhrif að vera hverfandi þegar litið er til vatnakerfisins í heild. Mikilvægt er að ganga vel frá árbökkum, ef þeir verða fyrir áhrifum, og að sárur í jarðvegi sé lokað þannig að ekki skapist hætta á bakkarofi í kjölfar framkvæmdanna. Gæta þarf þess að umferð með vatnsbökkum sé sem minnst og að þær vinnuvélar sem notaðar eru smiti ekki frá sér olíu eða öðrum skaðlegum efnum. Mikilvægt er að framkvæmdaaðili jafnt sem verktakar séu upplýstir um umhverfismál vegna framkvæmdarinnar og að leitað verði allra leiða til að lágmarka umhverfisáhrif. Að gefnu tilefni er áréttað að það er í verkahring framkvæmdaaðila að upplýsa verktaka og hafa eftirlit með að framgangur verksins sé eins og best verður hægt að gera með tilliti til mögulegra umhverfisáhrifa.

Niðurstaða

Sé öllum framangreindum tilmælum fylgt, einkum á þeim tíma sem jarðvinna fer fram, mun Hafrannsóknastofnun ekki gera athugasemd við fyrirhugaða framkvæmd.

Virðingarfyllt



Hlynur Bárðarson

Heimildir


Hlynur Bárðarson, Sigurður Óskar Helgason og Eydís Njarðardóttir. 2024. Rannsóknir á fiskistofnum nokkurra áa á Norðausturlandi 2023. Haf- og vatnarannsóknir. HV 2024-10.

Guðmunda B. Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson. 2024. Lax- og silungsveiði 2023. Haf- og vatnarannsóknir. HV 2024-27. 39 bls.

Myndir



1. Mynd. Afstöðumynd fyrir fyrirhugað veiðihús í Hafrolónsá í Pistilfirði.



2. Mynd. Afstöðumynd með hæðarprófil, fyrir fyrirhugað veiðihús í Hafrolónsá í Pistilfirði.